

Nr. 22-034 S 027 Pálína Þórunn GK 49***Skipverji slasast í andliti***

Skipaskr.nr. 2449
IMO; 9226475
Smíðaður: Kína, 2001, stál
Útgerð: Nesfiskur ehf.
Stærð: 327,62 BT
Mesta lengd: 28,62 m Skráð lengd: 26,04 m
Breidd: 9,17 m Dýpt: 6,05 m
Vél: Caterpillar 340 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 12



Pálína Þórunn©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. október af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. mars 2022 var Pálína Þórunn GK 49 á togveiðum. Veður: SV 19 m/s.

Skipverjar voru að lengja í grandara þegar grandarinn lyftist undan öldu og sló skipverja í andlitið þegar hann var að lása patentlás í sundur.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:


- Búið var að kasta trollinu og slaka út gröndurum.
- Kasta átti á meira dýpi og því nauðsynlegt að lengja grandara.
- Þegar komið var að þeim stað þar sem lengja átti grandarana var keðjuvasa vafið utan um grandarakeðjuna, um 3-4 metra frá samsetningu, og hann festur með hífingargils.
- Slakað var í grandarspil þannig að grandarar fyrir framan keðjuvasa voru slakir.
- Skipið fékk á sig öldu á því augnabliki sem skipverjinn beygði sig niður til að lása grandaranum í sundur. Við það slóst grandarinn framan í hann.
- Skipverjinn fékk aðhlyningu um borð en hann bólgnaði í framan og leitaði læknis þegar komið var í land tveimur dögum síðar. Hann reyndist óbrotinn.
- Um borð var vaktakerfið 14/8.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Þegar veður er slæmt getur verið skynsamlegra að lengja í gröndurum þegar veiðarfærið er fyrir innan. Togþilfar þessa skips er stutt og því erfitt og tafsamt að viðhafa slíkt verklag. Í þessu tilfelli hefðu keðjur sem festar eru í rennuþil minnkað líkur á að grandari slægist til (sjá mynd).



Keðjur með öryggiskrók festar í rennuþil